

## Breytingartillögur

við frv. til l. um málefni aldraðra.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Við 2. gr. Við greinina bætist nýr töluliður, svohljóðandi: *Vistmannaráð*: Kjörnir fulltrúar íbúa stofnunar mynda vistmannaráð.
2. Við 7. gr.
  - a. Í stað orðanna „umdæmi heilsugæslustöðvar“ í fyrri málslíð 1. mgr. komi: heilsugæsluumdæmi.
  - b. Orðin „og skal annar þeirra síðasttöldu vera félagsráðgjafi ef unnt er“ í niðurlagi síðari málslíðar 1. mgr. falli brott.
3. Við 8. gr.
  - a. 2. tölul. 1. mgr. orðist svo: Að gera tillögur til sveitarstjórna um öldrunarþjónustu.
  - b. 2. mgr. orðist svo:  
Þjónustuhópurinn skal í störfum sínum hafa að leiðarljósi markmið laganna, sbr. 1. gr.
4. Við 10. gr.
  - a. Í stað orðanna „Tekjur Framkvæmdasjóðs aldraðra eru tekjur“ í fyrri málslíð 1. mgr. komi: Framkvæmdasjóður aldraðra fær tekjur.
  - b. Á eftir orðinu „lægri“ í 2. másl. 2. mgr. komi: upphæð.
5. Við 12. gr. Greinin orðist svo:  
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um Framkvæmdasjóð aldraðra og setur honum jafnframt starfsreglur.
6. Við 13. gr. Orðin „og árangursmarkmið“ í niðurlagi 1. tölul. falli brott.
7. Við 15. gr. Orðin „þjónustuhópur aldraðra“ í 3. mgr. falli brott.
8. Við 22. gr. Í stað fjárhæðarinnar „29.217 kr.“ í 1. og 2. mgr. komi: 30.386 kr.